

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 8-2016

*Tími:* föstudagur 18. nóvember 2016, kl 13:10 á Keldnaholti

*Fundinn sátu:* Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Margrét Gísladóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Rektor setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### *1. Fundur með framkvæmdastjórn*

Rektor vék af fundi og Hilmar Janusson tók við fundarstjórn.

Erindi barst háskólaráði frá framkvæmdastjórn Lbhí sem mætti á fundinn, kveðja barst frá sviðstjóra rannsókna sem var erlendis.

Erindi: Staða innan Landbúnaðarháskóla Íslands

Tillaga háskólaráðs: Að setja á stofn vinnuhóp til að efla starfsemi Lbhí. Framkvæmd þarf að vera komin vel á veg innan 4-6 vikna og í síðasta lagi innan 3 mánaða. Tillaga samþykkt af framkvæmdastjórn.

Vinnuhópur verður skipaður af háskólaráði: einum fulltrúa framkvæmdastjórnar, einum fulltrúa frá háskólaráði, einum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu auk eins stjórnendabjálfa.

Framkvæmdastjórn vék af fundi. Margrét Gísladóttir vék af fundi vegna annars fundar. Rektor kom inn og tók við fundarstjórn.

Háskólaráð felur rektor og deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar að tilnefna einn úr framkvæmdastjórn í vinnuhópinn. Hópurinn fer í gang um leið og stjórnarsýsluleg umgjörð verður komin á hreint.

### *2. Önnur mál*

Erindum sem borist hafa háskólaráði verður svarað síðar.

**Næsti fundur verður haldinn 16. desember kl. 13 á Keldnaholti**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:10.